

*Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík*

Reykjavík, 25. júní 2020

**Efni: Umsögn Landssambands ungmennafélaga um drög að stefnu um barnvænt
Ísland, mál nr. 109/2020**

Landssamband ungmennafélaga (LUF) fagnar ofangreindu frumvarpi og þeirri miklu vinnu sem lögð hefur verið í að móta stefnu um aukna þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda innan barna- og félagsmálaráðuneytisins.

LUF tekur heilshugar undir áherslur stefnunnar, sér í lagi þeirrar nauðsynlegu nálgunar að aukin þátttaka barna og ungs fólks í ákvörðunartöku stjórnvalda verði markviss, regluleg og raunveruleg. Þá telur LUF markmið stefnunnar sem fram kemur í 10. tillögu verðugt og aðgerðir sem efla samráð barna og ungmenna við stjórnvöld á Íslandi af hinu góða. Hér er þó vakin sérstök athygli á að hér skipta aðferðir mestu máli.

LUF styður megininntak tillögu 10, „að skapa vettvang sem tryggir markvisst samráð stjórnvalda við ungmennaráð, ráðgjafahópa og ungmennasamtök á landsvísu.“ LUF fagnar einnig formfestu samstarfi LUF og ráðuneytisins. LUF telur mikilvægt að vettvangurinn sem um er ræðir í stefnu sé byggður á þeim grunnstoðum sem þegar eru til staðar á Íslandi. Því er lagt til að LUF verði viðurkennt formlega sem Landssamband barna- og ungmennafélaga að fyrirmynd annarra Norðurlanda og þar með viðurkennt sem samráðsvettvangurinn sem lagður er til í tillögu 10.

LUF leggur áherslu á mikilvægi þess að samráðsvettvangur barna og ungs fólks sé mótaður að þörfum barna og ungs fólks, að honum sé stýrt af börnum og ungu fólki og að hann verði starfræktur utan hefðbundinnar stjórnsýslu. Með því telur LUF að frekar sé tryggt sjálfstæði vettvangsins og að samráðið verði þeim mun réttmætara, árangursríkara og gjöfulla.

Ein megináhersla LUF er að auka sjálfstæði ungs fólks (e. youth autonomy.) Hugtakið er fremur nýtt af nálinni á Íslandi en mikið hefur verið skrifað um það erlendis og er sjálfstæði ungs fólks jafnframt megin áhersla Evrópska ungmennavettvangsins (e. National Youth Council). Þá er þar sérstaklega átt við mikilvægi þess að stjórnvöld bregðist við breyttum aðstæðum ungs fólks í dag með því að styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, jafnt laga-, félags- og fjárhagslega. Í því ljósi er mikilvægt að samráðsvettvangur starfi sjálfstætt, óháð pólitískum áhrifum og þvert á hinu ólíku hópa ungs fólks, líkt og LUF gerir.

Ljóst er að til þess að fulltrúar samráðsvettvangsins hljóti raunverulegt umboð ungs fólks á Íslandi þarf að ganga úr skugga um að verkferlar við skipun fulltrúa séu jafnt lýðræðislegir og gagnsærir. Í tillögu 10 segir að ungt fólk geti skráð sig til þátttöku á vefsíðu ráðsins og er það jákvætt markmið til að fá sem flesta að borði. Reynsla LUF sýnir þó að miklir hvatar þurfa að vera til staðar til þess að viðhalda þátttöku í slíku starfi og felur það í sér mikla viðvarandi vinnu. Jafnframt þarf að ganga úr skugga um að kynning á slíku ráði nái til allra hópa, vekji áhuga þeirra og sé þannig búinn að allir hafi jöfn tækifæri til þátttöku með tilheyrandi aðstoð.

Með því að tryggja LUF það hlutverk sem það var stofnað til að gegna er unnt að nýta þá verkferla sem þegar eru til staðar við skipan fulltrúa í Leiðtogaráði LUF. Eins og fram kemur í 2.gr. samþykktu LUF starfar landssambandið „að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra ungmennafélaga og er málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum. LUF vinnur að því að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi og er fulltrúi aðildarfélaga í margvíslegu erlendu samstarfi.“

Leiðtogaráðið er skipað þeim aðila sem er í forsvari (formaður/forseti/oddviti) fyrir hvert aðildarfélag og hefur fulltrúinn því lýðræðislegt umboð frá hverju og einu félagi, með fjölda ungs fólks að baki hverri skipan. Ráðið fer með æðsta vald í málefnum LUF á milli þinga skv. 20. gr. samþykktu LUF. Þannig hefur LUF náð að tryggja þátttöku fjölbreytts hóps ungs fólks sem berst fyrir hagsmunum ungs fólks út frá ólíkum sjónarhornum. Leiðtogaráðið er skipað ungu fólki með í mismunandi aðstöðu, m.a. af landsbyggðinni. Þess má geta að í framkvæmdaráætlun LUF árið 2020-2021 er eitt markmiðið að vinna þarfagreiningu á starfsemi félaga ungs fólks utan höfuðborgarsvæðisins þar sem reynt verður að meta hvaða aðgerðir geta eflt þátttöku þeirra. Leiðtogaráðið skipar einnig fulltrúa frá öðrum jaðarsettum hópum, m.a. innflytjendur og ungt fólk með þroskahömlun. Með verkferlum sem standast strangar kröfur Evrópska ungmennavettvangsins hefur LUF þróað samráðsvettvang ólíkra hópa ungs fólks sem hafa raunverulegt, lýðræðislegt, umboð ungs fólks á Íslandi. Auk þess vinnur LUF hörðum höndum að frekari samstarfi við fleiri félög ungs fólks til þess að endurspegla heildina.

Í tengslum við tillögur að lagabreytingum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar er varðar börn bendir LUF á mikilvægi þess að formfesta aðgengi barna til að sitja í forsvari félaga- og hagsmunasamtaka með lögum - sem gera þeim kleift að koma baráttumálum sínum á framfæri. Í því samhengi bendir LUF á að Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra stendur í vegi fyrir stjórnarsetu barna undir 18 ára aldri. Krafa um aðgengi barna að stjórnnum félaga ungs fólks er í samræmi við 12. til 17. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem réttindi barna til tjáningar og þátttöku í samfélaginu eru tryggð. Auk þess eiga mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um félagafrelsi og jafnræði jafnt við um börn og fullorðna. Þá nær funda- og félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, til fullrar þátttöku í almennum félögum og þar með

ákvörðunarvalds og stjórnarsetu. Önnur túlkun gerir stofnrétt ákvæðisins marklausan enda rökleysa að einstaklingum sé tryggður réttur til að stofna félög en þeim svo meinað að hafa áhrif á starfsemi þess. Eiga börn því sjálfstæðan rétt til þess að stofna félög og taka virkan þátt í starfsemi þeirra. Sú afstaða stjórnvalda að útiloka ungmenni frá raunverulegri þátttöku og að njóta réttinda í starfi félaga telst því til mismununar á grundvelli aldurs, sem andstæð er jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þá felst í slíkum lögum ólögmæt skerðing á félagafrelsi ungmenna.

Í nokkur ár hefur LUF barist fyrir því að ung fólki, undir 18 ára aldri, geti löglega setið í stjórnnum í samræmi við samþykktir hvers og eins félags. Meðal aðildarféлага LUF er fjöldi félaga undir 18 ára aldri og flest þeirra gera ráð fyrir að börn undir 18 ára aldri geti gefið kost á sér til stjórnarsetu. Til þess að LUF geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við samþykktir félagsins er nauðsynlegt að ungt fólk og börn undir 18 ára aldri geti setið í stjórnnum félaga.

Til þess að tryggja börnum og ungu fólki samráðsvettvang sem getur starfað óháð pólitískum áhrifum og þar með eftt sjálfstæði barna og ungs fólks mælist LUF til þess að ráðið verði skipað fulltrúum á aldrinum 6 - 35 ára, en skipt eftir aldurshópum. Góð reynsla hefur gefist af samstarfi ungs fólks á breiðu aldursbili á Nágrannalöndum Íslands og með slíku fyrirkomulagi má tryggja aðkomu og aðgengi yngri hópa sem nýtt geta reynslu þeirra sem eldri eru. Þó er mikilvægt að gera greinarmun á að t.d. þarfir barna á grunnskólaaldri geta verið afar ólíkar hagsmunum ungs fólki á vinnumarkaði. Þá samræmist þetta fyrirkomulag Barnasáttmálanum þar sem gerð er krafa um stigvaxandi áhrifum og ákvarðanatöku barna að teknu tilliti til aldurs og þroska.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar,
Una Hildardóttir
Forseti Landsambands Ungmennafélaga
una@youth.is